

149
17. okt.

REGLUGERÐ

um gjalddaga iðgjalda til atvinnuleysistryggingasjóðs.

1. gr.

Gjalddagi iðgjalda þeirra, sem lögð eru á af skattyfirvöldum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins, er á manntalsþingi ár hvert. Gjalddagi iðgjalda þeirra, sem ríkissjóði og ríkisstofnunum ber að greiða og álögð eru af skattyfirvöldum og innheimt af Tryggingastofnun ríkisins, er þegar manntalsþing er háð í Reykjavík.

2. gr.

Gjalddagi iðgjalda þeirra, sem greiða ber vegna lögskráðra sjómanna, er við lögskráningu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árið 1956 skal gjalddagi iðgjalda þeirra, sem um ræðir í 1. gr. reglugerðar þessarar, vera 1. nóvember.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, öðlast gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

150
2. maí

REGLUGERÐ

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara skulu vera fyrir hverja kennslustund sem hér segir:

Í menntaskólum og Kennaraskóla Íslands	kr. 30.35
– Íþróttakennaraskólanum, Húsmæðrakennaraskólanum, Vélskólanum og Stýrimannaskólanum	— 28.35
– gagnfræðaskólum og iðnskólum	— 26.30
– Málleysingjaskólanum	— 21.25
– húsmæðraskólum og barnaskólum	— 19.80

Orlofsfé er innifalið í launum þessum.

Laun stundakennara í þeim skólum, sem eigi eru hér greindir, en styrks njóta úr ríkissjóði eða eru reknir af ríkinu, skulu ákveðin í samráði við fræðslumála-stjórnina.

2. gr.

Verði breyting á hámarkskenndustundafjölda kennara frá því, sem nú er ákveðið í lögum og reglugerðum skólanna hvers um sig, breytast stundakennaralaunin í sama hlutfalli, þó þannig, að jafnan standi á heilum eða hálfum tug aura.